

## Íbúaráð Laugardals

Ár 2023, mánudagurinn, 11. september, var haldinn 38. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Laugardalslaug og hófst kl. 16.32. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Atli Stefán Yngvason, Birna Hafstein, Grétar Már Axelsson, Lilja Sigrún Jónsdóttir, Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir og Þorleifur Örn Gunnarsson. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Kristinn Jakob Reimarsson.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram útskrift úr fundargerð borgarráðs, dags. 17. ágúst 2023, þar sem fram kemur að borgarráð hafi á fundi sínum 17. ágúst 2023, samþykkt að Atli Stefán Yngvason taki sæti í íbúaráði Laugardals í stað Rannveigar Ernudóttur. Jafnframt var samþykkt að Atli verði formaður ráðsins. MSS22060061
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. september 2023, um að borgarstjórn hafi á fundi sínum 5. september 2023, samþykkt að Huginn Þór Jóhannsson taki sæti varamanns í íbúaráði Laugardals. MSS22060061
3. Fram fer kynning á starfsemi Laugardalslaugar. MSS22090034  
Árni Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 27. júlí 2023, um að til standi að leggja til við umhverfis- og skipulagsráð að fella niður biðstöð Strætó við Hólsveg.
5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 15. ágúst 2023, vegna kosninga í Hverfið mitt 2023. MSS22020075
6. Lagt fram erindi íbúa, dags. 16. ágúst 2023, um umferðaröryggi við Suðurlandsbraut. MSS23080085  
Samþykkt að senda erindið til skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar til upplýsingar.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Við tökum undir áhyggjur Albínu Huldar Pálsdóttur og hvetjum samgöngustjóra Reykjavíkur að taka tillögur hennar til meðferðar. Skoða þarf hvort unnt sé að fyrirbyggja frekari slys og tryggja öryggi íbúa með aðgerðum.

7. Lögð fram drög að fundadagatali íbúaráðs Laugardals – haust 2023. MSS22080127  
Samþykkt.
8. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
9. Fram fer umræða um umferðaröryggi á Suðurlandsbraut. MSS22100009

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi nýlegra bílslysa við Suðurlandsbraut og þess að nemendur og starfsfólk Langholtsskóla eru nú að þvera Suðurlandsbraut á leið sinni í skóla hvetjum við samgöngustjóra Reykjavíkurborgar og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu til að efla umferðaröryggi og umferðareftirlit. Við teljum það mjög brýnt að efla umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfaranda í ljósi aðstæðna.

10. Lagt fram erindi íbúa í hverfinu, dags. 5. september 2023, um hættuleg gatnamót Ásvegur og Langholtsvegur. MSS23090070

Samþykkt að senda erindið skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar til upplýsingar.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Við tökum undir áhyggjur Rakelar Gunnarsdóttur og hvetjum samgöngustjóra Reykjavíkur að skoða málið frekar. Skoða þarf hvort unnt sé að fyrirbyggja slys og tryggja öryggi íbúa með aðgerðum.

11. Lögð fram greinargerð Lauren Charnow vegna verkefnisins Big dot little dot Circus day – Laugardalur. MSS22040019  
Frestað.
12. Fram fer kosning varaformanns íbúaráðs Laugardals.  
Samþykkt að Þorleifur Örn Gunnarsson verði varaformaður ráðsins.

Samþykkt með vísan til 7. gr. samþykktar fyrir íbúaráð að loka fundinum undir þessum lið

**Fundi slitið kl. 18:22**

Atli Stefán Yngvason

Þorleifur Örn Gunnarsson  
Birna Hafstein

Lilja Sigrún Jónsdóttir  
Grétar Már Axelsson  
Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir